

Tillaga að breytingum á frumvarpinu vegna peningamarkaðsinnlána

- 1) **Við 2. gr.** – orðskýring á *innstæðu* í breytingartillögum sem lágu á borðinu í desember var:

Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinn almennri bankastarfsemi sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.

SFF leggja til að innstæða verði í 2. gr. skilgreind þannig

Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinn almennri bankastarfsemi sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, peningamarkaðsinnlán, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast sem ein stök innstæða. Lántökur innlánsstofnunar og eiginfjárreikningar teljast ekki til innstæðna.

Þarna er búið að bæta peningamarkaðsinnlánnum við skilgreiningu á innstæðu í fyrri málslið og jafnframt taka þau út úr 2. málslið þar sem rakið hvað teljast ekki til innstæðna. Ekki er talin ástæða til að tiltaka heildsöluinnlán sérstaklega þar sem þau eru hluti af peningamarkaðsinnlánnum. Þá er lögð til sú breyting að safnreikningar séu ein stök innstæða.

- 2) **Við 2. gr.** – Við bætist ný orðskýring *Peningamarkaðsinnlán* svohljóðandi:

„Bundin innlán á ákveðnum kjörum, önnur en bundin innlán á innlánsreikningum.“

- 3) **Við 14. gr.** – bætt skal við tölulíð, sem verði 5. tölul.:

- peningamarkaðsinnlán,

Ástæður fyrir tillögunni

Ef peningamarkaðsinnlán eru ekki skilgreind sem innstæður þá eru þau heldur ekki forgangskröfur (sbr. neyðarlög) og standa aftan við önnur innlán við gjaldþrot banka. Þetta er líklegt til að valda því að helstu notendur peningamarkaðsinnlána, t.d. lífeyrissjóðir, myndu óttast að nota þau og horfa frekar til innlánsreikninga, sem eru ekki eins hentugir fyrir stærri upphæðir með fastan líftíma á föstum kjörum. Slík breyting mun þannig valda jafnt bönkum sem fjárfestum vandræðum á markaði með stór innlán. Afleiðingar fyrir bankana yrðu:

- Bönkum væri gert erfiðara um vik að afla bundinna innlána
- Ráðast þyrfti í þróun á kerfum þannig að hægt yrði að bjóða upp á peningamarkaðsinnlán á innlánsreikningaformi.

Helstu rök fyrir því að peningamarkaðsinnlán ættu að teljast til innstæðna

- Ekki er gerður greinarmunur á milli peningamarkaðsinnlána og annarra innlána í öðrum löndum. Þar er frekar aðgreint eftir viðskiptavinum, s.s. öll innlán fjármálafyrirtækja skilin eftir.
- Peningamarkaðsinnlán eiga það sameiginlegt með öðrum innlánnum að vera ekki framseljanleg, ólíkt skuldabréfum og víxlum útgefnum af bönkunum.